

Ed.

418. Frumvarp til laga

[218. mál]

um breytingu á lögum nr. 49, 1. maí 1968 um áskorunarmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá, um hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðila, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.
3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðila og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 4. gr.
7. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara, er gefur út stefnu að beiðni hans, sbr. 87. gr. laga nr. 85, 23. júní 1936.

Stefnu skal rita á tvöfalda örku í stærðinni A4, og skal hún auðkennd í upphafi máls með orðinu áskorunarstefna.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 cm séð frá kili arkarinnar.

Stefna skal vera í fjórriti enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal bæta við einu eintaki fyrir hvern, sem stefnt er til viðbótar.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stefnu skal vera áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum, þar eð annars megi búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú snýr stefnandi sér til dómara með beiðni um útgáfu áskorunarstefnu, og skal hann þá leggja fyrir hann stefnu í nægilega mörgum eintökum samkvæmt 3. gr. Auk þess skal stefnandi sýna dómara skjöl þau, er hann byggir kröfur sínar á.

Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál megi reka samkvæmt lögum þessum, gefur hann út áskorunarstefnuna.

Dómari er óbundinn af þessu áliti sínu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur dómari, að eigi séu efni til, að mál sæti meðferð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá synja um útgáfu áskorunarstefnu með rökstuddri bókun í þingbók, sé þess krafist. Þessari ákvörðun dómara verður ekki skotið til Hæstaréttar.

6. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, þar af annað með stefnubirtingarvottorði og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim, er hann byggir dómkröfur sínar á. Hafi dómari gefið út áskorunarstefnu, skulu bæði frumritin vera með áritun hans en ella með áritun stefnanda.

7. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Nú verður útvíst af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum, og ritar dómari þá eða stimplar samkvæmt kröfu stefnanda á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá dagsetningu áritunar, enda sé málatilbúningi stefnanda í engu áfátt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 49 í. maí 1968 um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið lagafrumvarp þetta og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp til laga um áskorunarmál var á sínum tíma samið af Magnúsi Thoroddsen borgardómara og Stefáni Má Stefánssyni núverandi prófessor. Hefur verið haft samráð við þá um breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á lögnum. Þá hefur borgardómaraembættið í Reykjavík fengið frumvarpið til athugunar og telur það breytingarnar til verulegra bóta.

Áskorunarmál hafa verið tæplega helmingur af dæmdum útvístarmálum á bæjarþingi Reykjavíkur undanfarin ár. Árið 1976 voru þau 2109 en 2005 árið 1977. Önnur skriflega dæmd útvístarmál voru 2186 árið 1976 en 2197 árið 1977. Nokkrar líkur eru á, að áskorunarmálum fari hlutfallslega fækkandi á næstu árum. Ástæðan mun m. a. vera sú, að lögmenn vilja spara sér ferð á fund dómara til að fá útgefna áskorunarstefnu, en samkvæmt núgildandi lögum er skylt, að dómari gefi út áskorun á hendur stefnda að greiða stefnukröfurnar. Skal áskorun þessi rituð eða stimpluð á stefnu. Lögin um áskorunarmál hafa reynst vel í framkvæmd og eru tvímælalaust til þess fallin að flýta meðferð mála, spara dómurum tíma og minnka vélritun. Þykir því rétt að leggja til, að sú breyting verði gerð á þeim, að stefnandi geti sjálfur gefið út áskorunarstefnu. Það mundi einnig spara vinnu fyrir dómara við að lesa og gefa út stefnu. Er breytingin því við það miðuð, að stefnandi geti valið um, hvort hann fær dómara til þess eða geri það sjálfur.

Þá er lagt til, að stefnukröfur verði aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá áritun dómara um aðfarahæfi, án þess að sérstök birting þurfi að fara fram. Mundi það spara tíma og fyrirhöfn fyrir stefnanda og flýta endanlegri afgreiðslu máls. Ástæðan fyrir hinum mikla fjölda skuldamála hér á landi er í flestum tilfellum vilja- eða getuleysi skuldara til að greiða skuld sína. Aðeins örsjaldan er krafan umdeild.

Réttarfarsnefnd telur, að breytingar þær, sem frumvarpið felur í sér muni stuðla að fjölgun áskorunamála og þar með flýta meðferð mála og auka afköst dómstóla.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Bætt er inn í greinina ákvæði um, að í stefnuninni sjálfri skuli vera áskorun til stefnda um að greiða stefnukröfurnar. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 2. gr.

Hér eru ákvæði um form stefnu og útgáfu hennar.

Um 3. og 4. gr.

Greinar þessar koma í stað 4. og 5. gr. núgildandi laga og fela ekki í sér aðra efnisbreytingu en þá, sem af því leiðir, að aðili getur sjálfur gefið út áskorunarstefnu.

Um 5. og 6. gr.

Aðeins er um að ræða orðalagsbreytingu, sem leiðir af því, að aðili getur sjálfur gefið út áskorunarstefnu.

Um 7. gr.

Hér er sú breyting gerð, að hægt er að beiðast aðfarar hjá skuldara að liðnum 7 dögum frá áritun um aðfararhæfi, án þess að birta þurfi áritun eins og nú er. Þetta mundi spara tíma og fyrirhöfn.